

AUGLÝSING

96

19. júní

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 48 10. júní 1920.

Í 6. gr. hafnarreglugerðarinnar í stað setningarinnar „Veiði með skotum og öll skot að óþörfu eru bönnuð 200 m frá landi út á Pollinn“, komi: Veiði með skotum og öll skot að óþörfu eru bönnuð innan takmarka hafnarinnar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 8. nóvember 1915 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

97

19. júní

um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði.

1. gr.

Sölubúðum í Hafnarfirði skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðd. og þær ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag, nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðd. og laugardaga fyrir páska og hvítasunnu eigi síðar en kl. 4 síðd. Fjórða síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 12 á miðnætti.

Á tímabilinu frá 1. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h., enn fremur á tímabilinu frá 15. september til 30. apríl skal loka á laugardögum eigi síðar en kl. 4 e. h.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er bæjarstjórninni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli í lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 og kl. 7 síðdegis (föstud.) og opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. des. skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undantekning vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almenn-